Reykjavikurborg
mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 15. nóvember 2021
R20050238
670
ep/ak

Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um auglýsingakostnað vegna verkefnisins Hverfið mitt 2021

Á fundi borgarráðs þann 7. október 2021, var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um auglýsingakostnað vegna verkefnisins Hverfið mitt 2021, vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, sbr. 20 lið fundargerðar borgarráðs s.d.:

> Hver er áætlaður kostnaður við auglýsingar vegna átaksins „Hverfið mitt" 2021 tæmandi talið?

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Gerður var samningur við auglýsingastofuna Hvíta Húsið vegna auglýsinga í verkefninu Hverfið mitt 2020 – 2021. Í samningsverkinu fólst ráðgjöf vegna auglýsinga- og kynningarmála, gerð auglýsingaefnis og öll framleiðsla efnis vegna verkefnisins.

Kostnaður er annars vegar kr. 12.000.000-, vegna framleiðslu á auglýsingaefni fyrir hugmyndasöfnun 2020 ásamt birtingu og umsýslu birtinga, hins vegar kr. 10.500. 000-, vegna framleiðslu á auglýsingaefni fyrir kosningar 2021, ásamt birtingu og umsýslu birtinga.

Samkvæmt meðfylgjandi samningi um ráðgjöf vegna auglýsinga og kynningarmála verkefnisins Hverfið mitt 2020 - 2021, er áætlaður heildar kostnaður kr. 22.500.000-,.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri

Hjálagt:
Samningur við Hvíta húsið

Samningur

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Tjarnargötu11, 101 Reykjavík, hér eftir nefndir verkkaupi og hins vegar Hvíta húsið kt. 430169-6379, Brautarholti 8, 105 Reykjavík, hér eftir nefndur verksali gera með sér svohljóðandi samning:

Samningur um ráðgjöf vegna auglýsinga og kynningarmála verkefnisins Hverfið mitt 2020-2021.

1. gr. Lýsing verkefnis, markmið og samningsverk

Hverfakosningin Hverfið mitt hefur farið fram árlega síðan 2012 á vef Betri Reykjavíkur. Verkefnið er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda í 10 hverfum Reykjavíkurborgar. Hugmyndin að baki verkefninu er að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku. Íbúar senda inn hugmyndir í kosninguna, gefa þeim svo vægi á vefnum til að forgangsraða þeim. Starfsfólk borgarinnar fer yfir hvort hugmyndirnar henti í kosningu og íbúaráð stilla svo upp hugmyndum í kosningu í sínum hverfi.

Markmið samnings þessa er að auka sýnileika hugmyndasöfnunar í Hverfið mitt 2020 og kosningu sem fram fer árið 2021 og vekja áhuga fólks á þátttöku í verkefninu.

Í samningsverkinu felst ráðgjöf vegna auglýsinga- og kynningarmála og gerð auglýsingaefnis vegna hverfakosningar Hverfið mitt 2020-2021. Í verkinu felst ráðgjöf vegna auglýsinga og kynningarmála í hugmyndasöfnun verkefnisins, gerð auglýsingaefnis og öll framleiðsla efnis vegna verkefnisins.

2. gr. Áherslur í kynningarmálum

Samkvæmt könnun þekkir þriðjungur íbúa Reykjavíkur ekki til verkefnisins, auk þess sem þekking og þátttaka borgarbúa í því er mismunandi eftir menntunarhópum, aldri og hverfum. Í kynningarmálum skal leggja áherslu á að bæta úr þessu eins og hægt er.

Mest mælist þekking á og þátttaka í verkefninu hjá fólki á aldrinum 30-60 ára með meiri menntun.

Lögð skal áhersla á að ná betur til aldurshópanna 15-30 ára og eldri en 60 ára, auk fólks með minni menntun, með fötlun og af erlendum uppruna, á öllum stigum verkefnisins.

Áhersla skal einnig lögð á nýtingu samfélagsmiðla

3. gr. Afhending og afhendingarskilmálar

Ráðgjöf fer að mestu fram á tímabilunum október 2020 vegna hugmyndasöfnunar og í kosningu sem fram í október 2021, með fyrirvara um smávægilegar breytingar á tímaáætlun. Auglýsingaefni þarf að skila í samræmi við birtingaáætlun sem verður fullunnin í samstarfi við verksala.

4. gr Greiðslur

Framleiðsla á auglýsingaefni fyrir Hugmyndasöfnun 2020 ásamt birtingu og umsýslu birtinga

Verkþættir	Samtals (kr)
Hugmyndavinna og stefnumótun	1.250.000
Framleiðsla á auglýsingaefni	4.000.000
Verkstjórn	350.000
Umsjón með birtingum og samfélagsmiðlum - 2 mánuðir	400.000
Birtingar	6.000.000
Samtals án VSK :	**12.000.000**

Framleiðsla á auglýsingaefni fyrir kosningar 2021, ásamt birtingu og umsýslu birtinga.

Verkþættir	Samtals (kr)
Framleiðsla á auglýsingaefni	3.800.000
Verkstjórn	300.000
Umsjón með birtingum og samfélagsmiðlum - 2 mánuðir	400.000
Birtingar	6.000.000
Samtals án VSK :	**10.500.000**

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Reikninga skal senda á Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Eingöngu er tekið við númeruðum reikningum í frumriti og telst reikningur gildur ef hann er stílaður á Reykjavíkurborg með réttri kennitölu og upplýsingum um þá vöru eða þjónustu sem hefur verið veitt, hvaða aðili hefur pantað, á hvaða kostnaðarstað. Fylgja þarf staðfesting þess (móttökukvittun á reikning með nafni og kennitölu) sem tekur við vöru eða þjónustu fyrir hönd borgarinnar.

5. gr. Gildistími
Samningur þessi gildir frá 15. október 2020 til loka október 2021 nema að honum sé sagt upp að hálfu öðrum hvorum samningsaðila.

6. gr. Ágreiningsmál
Samningur þessi og túlkun hans fer að öllu leyti eftir íslenskum lögum. Ef eitthvert ákvæði hans stangast á við lög skal sú grein falla niður en ekki samningurinn í heild sinni.
Rísi ágreiningur milli samningsaðila um túlkun eða framkvæmd þessa samnings skulu samningsaðilar leggja sig fram um að ná sáttum.

7. gr. Varnarþing
Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 6. nóvember 2020

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hvíta hússins

Vottar að dagsetningu og réttum undirskriftum

kt 291276 3939

kt 080789-2119